



Icelandic Museum  
of Natural History

Brynjólfsgata 5  
IS-107 Reykjavík

S./Tel. 577 1800

nmsi@nmsi.is  
www.nmsi.is

# Af íslandssléttbökum í Kaupmannahöfn: íslenskur náttúruarfur eða danskur menningararfur?

Dr. Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður

Hátíð hafsins – Þjóðminjasafninu – Reykjavík – 1. júní 2019

---

# Verkefnið og markmið

## Forsagan

- Þegar til stóð árið 2013 að Náttúrminjasafn Íslands fengi alla Perluna undir starfsemi sína var ráðgert að setja þar upp beinagrind steypireyðar í aðalrýminu. Af hvorugu varð og hvalurinn endaði á Húsavík.
- Í kjölfarið var leitað annarra leiða með húsnæðismál safnsins. Jafnframt var sjónum áfram beint að hvöllum, en nú að annarri tegund og ekki síður merkilegri – sléttbak, öðru nafni **íslandssléttbak**. Hann er þó ekki til hér á landi, en finnst í kjallara í Kaupmannahöfn.
- Hófst þá verkefni um Íslandssléttbak í samstarfi við Zoologisk Museum og fyrirtækið Rigsters 3D Scanning (<https://rigsters.com/>):
  - Hágæða 3D skönnun og mælingar á beinagrind íslandssléttbaks í fórum ZM.
  - Heimildarannsókn á báðum beinagrindunum hjá ZM.
  - DNA-greining o.fl. athuganir (í burðarliðnum).

## Markmið og tilgangur

- Varðveisla á náttúruarfinum – stafrænt og með öðrum hætti en áður. Hágæðaupplausn í þrívídd. Betri tækni en áður.
- Má nota til margs konar miðlunar á upplýsingum og fróðleik.
- Má nota skönnunina/líkanið til eftirgerðar (í fræsingu, prentun). Er dýrt í dag.
- Sýningahald – hvar – í Perlunni, Seltjarnarnesi .....???

# Um íslandssléttbaka (*Eubalaena glacialis*)



## Tegundin, líffræði og útbreiðsla

- Skíðishvalur, tannlaus, ekki með renni. Einn þriggja „right whales“.
- Stórir (13-18 m, 40-70 tonn), gamlir (50-100 ára), hægsyndir, feitir (80-100 föt lýsis) og fljóta vel. Skíðin um 250 kg.
- Halda sig nærri ströndum. Fremur einfarar en hópdýr.
- Lifa á smágerðu dýrasvifi, krabba- og lindýrum.



Ljósáta  
(*Meganyctiphanes norvegica*)



Stökkkrabbi  
(*Calanus finmarchicus*)



# Um íslandssléttbaka (*Eubalaena glacialis*)

## Staðan í dag

- Mjög fágætir – í útrýmingarhættu skv. IUCN Red list. („í hættu“ skv. skrá Náttúrufræðistofnunar Íslands).
- Eru alfriðaðir skv. IWC (upp úr 1930), ESA, MMPA og SARA.
- Voru algengir um N-Atlantshaf, þ.m.t. við Ísland, en fækkaði ört vegna veiða, fágætir í byrjun 19. aldar.
- Heildarstofn nú aðeins 400–500 dýr, þar af ca. 100 dýr í NA-stofninum.
- Framtíðarhorfur slæmar – ásiglingar, ánetjast, hlýnun sjávar o.fl.
- **Ekki til eintak á Íslandi** og aðeins örfá söfn (3-4,) sem eiga heila beinagrind tegundarinnar.



# Um íslandssléttbaka (*Eubalaena glacialis*)

## Um tegundaheitið og rugling á tegundum

- Hefur verið nefndur ýmsum nöfnum: sléttbakur (litli- og stóri-), hafurkitti (hafurketti), höddunefur o.fl. *Á dönsku nordkaper, ensku North Atlantic right whale og þýsku glattwahl.*
- Mikill ruglingur fram undir 20. öld meðal náttúrufræðinga í aðgreiningu á **íslandssléttbaki** og **grænlandshvali** – þeir eru líkir (þarf góða þekkingu til að greina á milli).
- Skilningur á **náttúrunni** allt annar á miðöldum og fram á 20. öld – einkum á uppruna, þróun og skyldleika.
- Hvalir (líka rostungar) og fiskar flokkaðir saman og kallaðir **hvalfiskar, stórfiskar** og jafnvel **fiskar** – sbr. Konungsskuggsjá (1250-1260).
- **Carl Linnaeus** (1707–1778) flokkaði hvali og fiska saman í fyrstu 9 útgáfum *Systema naturae*!
- **M.J. Brisson** (1723–1806) **flokkar íslandssléttbak 1756 sem sér tegund** og frábrugðinn Grænlandshval (*Balaena mysticetus*) – kallar hana *la baleine d'Islanda*.
- **J.F. Gmelin** gaf dýrinu í kjölfarið tegundarheitið *Balaena islandica* og var þannig birt í skrá yfir afbrigði hvala í 13. útgáfu *Systema naturae* árið 1788.
- Áfram deildu náttúrufræðingar um tegundina um tíma, en endanleg niðurstaða í dag: *Eubalaena glacialis* („hinn sanni hvalur íssins“) (sem er misvísandi og endurspeglar ruglinginn!).

# Um íslandssléttbaka (*Eubalaena glacialis*)

Um tegundaheitið og rugling á tegundum

- Eitt helsta tegundareinkenni sléttbaka, þ.e. ættkvíslarinnar *Eubalaena*, eru ásætur eða hrúður ofan á hausnum framarlega. **Greinir þá frá öllum öðrum hvöllum.**



Íslandssléttbakur (*Eubalaena glacialis*)

# Um íslandssléttbaka (*Eubalaena glacialis*)

Um tegundaheitið og rugling á tegundum

- Teikningar af „hvalfiskum“ og öðrum undrum og furðum náttúrunnar endurspeglar skilning/þekkingu – erfitt að koma auga á sléttbaka –




Íslandskort Guðbrands Þorlákssonar (Abraham Ortelius og Vedel) frá 1590. Gert í Kaupmannahöfn.

# Um íslandssléttbaka (*Eubalaena glacialis*)

Um tegundaheitið og rugling á tegundum

- meira að segja hinn mikli náttúrufræðingur Bonnaterre (1752–1804) ruglar saman grænlandshvali og íslandssléttbaki.



Úr verki Bonnaterre *Tableau encyclopedéique* frá 1789. Myndin er af grænlandshval (*Balaena mysticetus*) en hann er flokkaður sem sléttbakur (*Balaena franche*) sem seinna fékk nafnið *Eubalaena glacialis*.



# Jón lærði Guðmundsson (1574–1658)

Sjálflærður náttúrufræðingur, læknir, skáld, rithöfundur, lista- og handverksmaður m.m.

„*Um Íslands aðskiljanlegar náttúrurur*“ eitt frægasta verk Jóns lærða, frumsamið og skrifað á árunum 1640-1644.

Í því eru margar myndir af hvölum — sumar hverjar nákvæmar eftirmyndir, en aðrar eiga meira að sækja í hugmyndaflug höfundar.

Á myndinni t.h. gefur að líta sléttbak, öðru nafni höddunef.

Hvað með þátt Arngríms Jónssonar (1568–1648) er varðar hvali og aðrar náttúrur Íslands?




# Jón lærði Guðmundsson

Áður óþekkt teikning e. Jón lærða sem uppgötvaðist fyrir hendingu árið 2016 á det Kongelige Bibliotek í rannsókn Viðars Hreinssonar bókmenntafræðings og náttúrusögurýnis (sérfræðingur á Náttúruminjasafninu).

Líklega meðal allra fyrstu teikninga sem sýnir tegundareinkenni sléttbaks (nordkaper).

Líklega frá 1636 þegar Jón lærði var í Kaupmannahöfn og hitti m.a. Ole Worm prófessor við Hafnarháskóla.



# Um íslandssléttbaka í Køben

Í kjallara Zoologisk Museum:

## ZMUC-CN2 (tilvækstj. nr. 13-09-1891)

- Veiddur 13.9.1891 frá hvalstöð Victorsfélagsins norska á Höfðaodda við Dýrafjörð.  
Skipstjóri: Lauritz Jacob Berg frá Tønsberg.
- 13,7 m langur (haus 4,2 m, hr.s. 9,5 m).
- Er í betra ástandi en ZMUC-CN4.

## ZMUC-CN4 (tilvækstj. nr. 21-08-1906)

- Veiddur við Hellisfjörð seint í júní 1904.  
Flensað á norsku hvalstöðinni Sveinsstaðeyri.  
Hvalveiðifélagið Brødrene Bull.  
Skipstjóri Marcus C. Bull.
- 11,5 m langur (haus 3,5 m, hr.s. 8,0 m).



# Hvalveiðar við Ísland



Íslandssléttbakur kominn á land á hvalstöð Victorsfélagsins á Höfðaodda (Framnesi) í Dýrafirði. Myndin er tekin **1891**, sama ár og Laurits Berg veiddi ZMUC-CN2. **Er þetta hvalurinn?** Þetta ár veiddust 7 sléttbakar hjá Victorsfélaginu.

Úr bók Smára Geirssonar. 2015. Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

# Hvalveiðar við Ísland



Hvalstöð Victorsfélagsins í Dýrafirði. Flutningaskipið Heimdal kemur með hvali í togi.

Úr bók Smára Geirssonar. 2015. Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915.

# Hvalveiðar við Ísland



Hvalstöð Victorsfélagsins á Höfðaodda var starfrækt á árunum 1890 til 1903.

Alls voru veiddir 1618 hvalir á tímabilinu, mest á Grænlandssundi, aðallega steypireyður, sandreyður og hnúfubakar. **Aðeins 12 sléttbakar veiddust, eða minna en 1%, sem segir allt um stöðu stofnsins.**

Úr bók Smára Geirssonar. 2015. Stórhvalaveiðar við Ísland til 1915. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.









Grænlandshvalur  
Zoological Museum

## Skönnun beinagrindarinnar (ZMUC-CN2)

- <https://youtu.be/o5-gIKSM4wl>

## Tölvugert líkan – minnkað/einfaldað f. fartölvur

- <https://sketchfab.com/models/9bb3c774426a4deab119187b9dee62d6>

# „Hvalabeinin heim“!

Náttúruminjasafnið hefur á s.l. 3 árum unnið að því að sannfæra Dani um að lána Íslendingum til langs tíma aðra af tveimur beinagrindum Íslandssléttbakanna.

**Markmið:** **Vísindalegt** – efla rannsóknir á hvölum.

Ísland er meðal fremstu þjóða í rannsóknum á hvölum – lítið vitað um sléttbaka.

**Menningarsögulegt** – hluti af náttúru- og menningararfi Íslands.

Voru veiddir hér – Tegundin var algeng við Ísland - Baskar veiddu hana – Þekking Jóns lærða og framlag hans til hvalafræða einstakt en vanmetið.

**Fræðsla og Miðlun** – í fræðslu- og menntunarskyni.

Auka aðgengi almennings að náttúru- og menningararfi lands og þjóðar.

**Aðferðir:** Vorið 2014 – hreyft við hugmyndinni óformlega á fundi í Kaupmannahöfn.

Mars 2018. Formlegt erindi NMSÍ lagt fyrir Statens Naturhistoriske Museum, Zoologisk Museum.

Mars 2018. Erindið kynnt MMRN, skrifstofu Forseta Íslands og Afmælisnefnd 100 ára fullveldis.


Maí 2018. Lilja Alfreðsdóttir á fund um málefnið með Mette Bock.

Júní 2018. Lilja Alfreðsdóttir sendir Tommy Ahlers formlegt erindi.

Ágúst 2018. Dansk-Íslandsk Samfund lætur málið til sín taka (ályktanir og grein í mál gagninu).

**Árangur:** Lítið fararsnið á beinagrindinni – enn sem komið er. Stjórnvöld í Danmörku taka ekki illa í hugmyndina, en SNM/ZM leggst gegn láni (vísar í verndarsjónarmið, rannsóknahagsmuni og að um sé að ræða danskan menningararf).


En áfram verður reynt að sannfæra Dani um ágæti þess fyrir alla að önnur beinagrindin verði staðsett hér á landi.



Denne hvalfisk er aldris nær hvald  
 hand er meget nye jahnvortis hvald fa  
 suer gaver su hvald efter 12 aar  
 fraa den tid haantim nær ender gaver  
 hand kaldis fjanden hvald; en  
 sa hvald kaldis huanen Miallur



Denne hvalfisk er den aller beste vdi den - som  
 der jahn ræris i blaar ander hvalfiske / hande vil sin  
 nativ; or vil an liges om den nærlige  
 hvald er su hvald Miallur huanen  
 der beste hvald er vil  
 Norges f... ..



Denne hvalfisk kaldis Nard hvald  
 thi hand siger stærlige vdi Noer - Or  
 hand drager aldris meget læffvandt  
 som er vdi den; vil sin fiske - Men  
 allere de Nardug eller hvald nye en  
 nære; som fælder vil af huanen  
 offerer hvald. Or der er off der  
 hand off hvald; an hand leder fremmer  
 or mæder; som hand leder hvald; or  
 skjalngur 12 alna hand nye med hvald  
 vil an hvald hvald langer vil;  
 or hvald hvald d næste part  
 hvald hvald hvald hvald hvald  
 Denne hvald er meget læffvandt hvald  
 hvald hvald hvald hvald hvald  
 nye de frænde og stærlige or vdi ande;



Denne hvalfisk hand læffvandt vil or  
 meget frænde hand med næst; hvald er sin de  
 ander hvalfiske; dug er sin frænde frænde vil alle  
 hand næste; an hand vil or hvald. Cæster  
 sin ander næst hvald vil huanen; hvald hvald  
 fraa læffvandt hvald. End hand hvald hvald  
 hvald er vdi hvald; hvald or næst sin 12  
 vil hvald -

Kostangur

Kostangur fiske er aldris næst sin sin er;  
 hand vil hvald or hvald; sin or hvald hvald  
 pa fingern or frænde; er meget læffvandt  
 vil vil hvald or hvald hvald; pa dem; er  
 samm; aldr er hvald hvald; huanen vil hvald  
 sin or hvald vil hvald or hvald -

PAKKIR!